

AUGLÝSING

um staðfestingu á endurskoðuðu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 30. júní 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar er staðfest var 27. maí 1992 og breytt 2. júní 1993.

Endurskoðunin fellst einkum í breytingum á hringtorgi á gatnamótum Reykjavíkurvegar, Vesturgötu og Fjarðargötu og er Strandgata tengd inn á þetta hringtorg. Byggingarmagn er óbreytt á ráðhúsreit en gert ráð fyrir stækkun á skrifstofum bæjarins, sýslumannsembættis og héraðsdóms. Þá er gert ráð fyrir bensínstöð við hringtorgið.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 388

30. júní 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi á norðvesturhluta staðgreinireits 1.171.2., Iðnaðarmannahúsreit.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 30. júní 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi fyrir norðvesturhluta staðgreinireits 1.171.2, svokölluðum Iðnaðarmannahúsreit, sem markast af Bankastræti, Skólavörðustíg, Bergstaðastræti, Hallveigarstíg og Ingólfsstræti.

Breytingin frá áður staðfestu deiliskipulagi er að fallið er frá nýbyggingum á nokkrum lóðanna og í staðinn eru núverandi hús látin standa, auk þess sem heimiluð er ofanábygging húss nr. 7b við Ingólfsstræti.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.